

Þjónustutrygging



SPURNINGAR	SVÖR
Ef barn er hjá dagforeldri í 6 tíma á dag og Leikskólasvið niðurgreiðir kr. 28 þús. á mánuði er hægt a sækja um mismuninn upp í 35 þús. kr. greiddan sem þjónustutryggingu?	Það er ekki mögulegt að fá bæði niðurgreiðslu vegna vistunar barns hjá dagforeldri og þjónustutryggingu á sama tíma. Því er ekki hægt að frá greiddan mismuninn.
Hvenær má sækja um þjónustutrygginguna?	Um leið og barn er fætt og það er komið með kennitölu. Greiðslur hefjast þó aldrei fyrr en barnið nær 6 eða 9 mánaða aldri.
Ef foreldri er ekki búíð að klára fæðingarorlof – er þá í lagi að sækja um þjónustutryggingu?	Já, það er í lagi en greiðslan hefst ekki fyrir en barnið nær 6 eða 9 mánaða aldri.
Er þjónustutryggingin tekjutengd?	Nei, hún er sama fjárhæð á hvert barn óháð tekjum foreldra.
Er þjónustutryggingin skattskyld?	Þjónustutryggingin er undanþegin skattskyldu ef foreldrar eru heima hjá barni sínu. Ef foreldrar greiða þriðja aðila fyrir gæslu barnsins er sú greiðsla skattskyld hjá þeim sem hana þiggur.
Hvar á að skrá fjárhæð þjónustutryggingar á skattskýrslu?	Það kemur væntanlega fram á launamiða frá Reykjavíkurborg í hvaða reit hún skal skráð. Ef frekari upplýsinga er þörf verða settar nánari upplýsingar á www.leikskolar.is í mars 2009.
Hvar er sótt um lykilorð?	Á Rafrænni Reykjavík. Lykilorðið er sent í heimabanka eða í pósti, hvort sem foreldrar vilja fremur.
Er hægt að merkja við að þriðji aðili sé eini umönnunaraðili barnsins (þ.e. ekki foreldrarnir)?	Já, en þriðji aðili fær aldrei greiðslur frá Leikskólasviði. Foreldrar þurfa báðir að samþykkja skiptinguna og einnig þurfa þeir að skrá hvort foreldri fær þjónustutrygginguna greidda.
Ef barn kemur inn á biðlistann 4 ára á það þá rétt á þjónustutryggingu?	Já, svo framarlega sem Leikskólasvið niðurgreiðir ekki vistun fyrir barnið annarsstaðar.